

Stjórnarfundur FEBSEL 11.26.2025 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.30.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Aðalbjörg, Inga, Stefán og Sigurður.

Dagskrá:

1. Stefnumál FebSel fyrir komandi ár (sveitastjórnarkostningar)

Helstu stefnumálin eru húsnæðismál, fylgjast með framkvæmdum í félagsheimili og opnir fundir fyrir félagsmenn eftir áramótin um öryggisþætti í snjalltækjum vegna bankaviðskipta og kynning á notkunarmöguleikum í gerfigreind fyrir eldri borgara.

2. Stefna FebSel varðandi Öldungaráð og Teymið

Öldungaráð er ráðgefandi nefnd um málefni aldraðra á vegum bæjarins. FebSel á þar þrjá fulltrúa. Bærinn tilnefnir formann ráðsins og er hann frá Seltjarnarnesbæ. Félagið telur rétt að formennskaráðsins sé á hendi FebSel. Rökin fyrir því eru m.a. þau að í þeim félögumsem þannig er háttað um er starfsemi innan Öldungaráðsmiklu virkari í málefnum aldraðra. Stjórnin telur rétt að reyna að fá fulltrúa okkar sem formann ráðsins, þar sem þetta er ekki venjuleg starfsnefnd bæjarins heldur ráðgefandi nefnd. Fundum ráðsins hefur verið fjölgað úr tveimur í fjóra á ári að ósk FebSel.

Teymiðsamanstendur af tveimur fulltúum frá FebSel, formanni Öldungaráðs, forstöðumanni félagsstarfs eldri borgara, sóknarprestinum, fulltrúum frá heimaþjónustunni, fulltrúa frá heilsugæslunni og forvarna-og samskiptastjóra bæjarins sem heldur hópnum saman. Hópurinn hittist á tveggja mánaða fresti. Hlutverk teymisins er að vera vettvangur samræðu og samvinnu um hag aldraðra í bænum, stytta boðleiðir og efla upplýsingaflæði.

3. Fundur um móttöku ferðamanna á Seltjarnarnes (18.11.2025)

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins boðaði til vinnufundar. FebSel átti tvo fulltrúa þarna. Á fundinum var velt upp hugmyndum um hvað geri Seltjarnarnes að áhugaverðum áfangastað fyrir ferðamenn og hvernig ætti að auglýsa Seltjarnarnes sem ferðamannastað. Áframhald á þessari vinnu er íbúafundur eftir áramótin þar sem kannaður verði hugur íbúa til fyrirhugaðrar skipulagðrar auðingar ferðamanna á Nesið. Stjórn FebSeler ekki áfjád í að fá hingað skipulagðan massatúrisma. Frekar ætti að setja upp gjaldskildu á bílastæðin við Gróttu og reyna að draga úr miklum ágandi á svæðið. Þannig mætti vernda mannlíf, fuglalíf og gróður á svæðinu.

4. Bæjarmálafundur fyrir eldri borgara.

Rætt um að halda kynningarfund/framboðsfund fyrir sveitastjórnarkostningarnar næsta vor þar sem fulltrúar allra framboða kæmu og kynntu sín stefnumálí málefnum aldraðra.

5. Fyrirlestrar eftir áramót um gervigreind og öryggi fyrir tölvur og snjalltæki

Rætt um að halda fræðslufundi fyrir eldri borgara um gervigreind, öryggisþætti varðandi snjalltæki, bankaviðskipti ofl.

6. Önnur mál

- Aðstaða fyrir eldri borgara í félagsheimilinu. FebSel óskar þess að gert verði ráð fyrir félagsstarfsemi í endurgerð Félagsheimilisins. Húsið verði nýtt til þess á daginn. Áhyggjur okkar eru þær að ef húsið verði leigt til rekstraraðila verði ekki tekið tillit til þarfa félaga til fundarhalda.
- Lífsgæðakjarni að erlendri fyrirmynd fyrir eldra fólk á Nesinu. Rætt um hugmyndir að uppbyggingu lífsgæðakjarna fyrir eldri íbúa á svæðinu í kringum Skólabrautina sem tæki til íbúðahúsnæðis og ýmis konar þjónustu fyrir eldri íbúa á Nesinu. Tengja mætti ýmsa þjónustu sem fyrir er þessari hugmynd.
- Aðalfundur félagsins verður haldinn í lok febrúar. Nánari dagsetning ákveðin síðar. Kristbjörg mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður haldinn í janúar á næsta ári.

Fundi slitið kl. 18:45.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir